

Samningsaðilar geta skipað nefnd til að annast samninga af sinni hendi.

Launanefnd sveitarfélaganna eða aðili, sem hún felur slíkt umboð, er heimilt að fela einstökum sveitarstjórnnum og sýslunefndum gerð aðalkjarasamnings, enda óski viðkomandi sveitarstjóri eftir slíku samningsumboði.

Ákveði sveitarstjórn eða sýslunefnd að afturkalla umboð sitt til Launanefndar til gerðar tiltekinna tegunda samninga, skal senda tilkynningu um það í ábyrgðarbréfi til stjórnar Launanefndar eigi síðar en 3 mánuðum áður en viðkomandi samningur rennur út.

3. mgr. 21. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Formaður Launanefndar sveitarfélaganna greiðir atkvæði fyrir hönd sveitar- og sýslufélaga að höfðu samráði við framkvæmdastjóra hlutaðeigandi sveitarfélaga. Fari sveitarstjórn með gerð aðalkjarasamnings, greiðir hlutaðeigandi borgar-, bæjar- eða sveitarstjóri atkvæði.

Reglugerð þessi sem sett er skv. 41. gr. laga nr. 29/1976 öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 21. febrúar 1986.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Pórhildur Línadal.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 145/1982, um launaskatt.

1. gr.

2. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þeim gjaldendum sem eigi greiða hærri laun að meðaltali til annarra á mánuði en 69 000 kr. á uppgjörstímabilinu er þó heimilt að skila greinargerð ásamt greiðslu á gjalddaga þess uppgjörstímabils þegar samanlögð greidd vinnulaun ná 690 000 kr. en eftir það á hverjum gjalddaga vegna þess árs. Ef greidd vinnulaun til annarra ná eigi 690 000 kr. á árinu er gjaldanda heimilt að skila greinargerð ásamt greiðslu einu sinni á ári eins og um uppgjör fyrir mánuðina nóvember og desember væri að ræða.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 12. gr. laga nr. 14 15. mars 1965 með áorðnum breytingum, sbr. heimild í 3. mgr. 3. gr. nefndra laga, öðlast þegar gildi og kemur í fyrsta sinn til framkvæmda við greiðslu launaskatts fyrir fyrsta uppgjörstímabil 1986, sbr. 1. mgr. 3. gr. nefndra laga. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 153/1985.

Fjármálaráðuneytið, 24. febrúar 1986.

F.h.r.

Lárus Ögmundsson.

Snorri Olsen.